

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/2100
komudagur 4.5.2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 3. maí 2006

**Efni: Frumvarp til laga um Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar,
795. mál**

Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis hefur fengið í hendur framangreint frumvarp til umsagnar.

Í ákvæði til bráðabirgða er ekki kveðið skýrt á um að hin nýja stofnun, Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar, skuli taka fullt tillit til úrskurða kaupskrárnefndar varnarsvæða varðandi laun og önnur áunnin starfskjör félagsmanna VSFK sem gilt hafa í áratugi.


Án skýrra fyrirmæla frá löggjafanum hvað þetta varðar mun ríkja veruleg óvissa um ríkjandi starfskjör á svæðinu.

VSFK fer þess á leit við utanríkismálanefnd að hún leggi til að frumvarpið verði ekki samþykkt nema með eftirfarandi breytingu.

Við 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða bætist eftirfarandi málslíður:

Um yfirfærslu áunninna réttinda starfsmanna skal farið samkvæmt lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum nr. 72/2002.

f.h. Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis



Kristján Gunnarsson, formaður